

Fundur fjallskilastjórnar Víðdælinga, haldinn 18.júní 2015 kl. 20:00 að Auðunarstöðum.

Marianna setti fund og stjórnaði. Júlíus Guðni skrifaði fundargerð.

1. Rætt um uppsetningu skilta við staði á heiðinni. Til fundarins komu frá Hollvinafélagi Víðidalstunguheiðar þeir Ólafur Benediktsson og Þórir Ísólffsson en félagið hefur áform um að standa fyrir þessum merkingum en vilja samráð með fjallskilastjórn.
2. Í dag fór nefndin ásamt ráðunaut til að kanna ástand gróðurs á Víðidalstunguheiði. Gróður hefur sjaldan verið kominn svo skammt af stað sem nú á þessum tíma og með hliðsjón af ástandinu er ákveðið að leyfa upprekstur sauðfjár í Krók frá og með sunnudeginum 21.júní nk. Í löndin milli girðinga að austan og á Tungur frá og með föstudeginum 26.júní nk. og Austurheiðina frá og með föstudeginum 3.júlí nk. Upprekestur hrossa er leyfður frá og með 10.júlí nk. fram á heiði.

Vegur er fær fram að heiðargirðingu en deigur og þolir því ekki mikla þungaflutninga sem stendur og eru vegfarendur beðnir um að taka tillit til þess. Nefndin áskilur sér rétt til að endurskoða ofangreindar dagsetningar sjái hún tilefni til þess.

3. Rætt um fjárveitingar frá sveitarfélaginu.
v/ Víðidalstunguréttar kr. 500.000,-
v/ Fellaskála kr. 150.000,-
v/ Haugakvíslarskála kr. 150.000,-
v/ viðhalds annara skála kr. 400.000,-
v/ heiðagirðinga Víðidal kr. 1.012.500,-
v/ styrkvega kr. 1.675.000,-

Tímagjald í verktöku kr. 2.350 + vsk
Fjór hjól kr. 2.500 , Sex hjól kr. 2.800 per tími.
Akstur greiddur samkv. taxa ríkissjóðs.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson
Sigtryggur Sigurvaldason
Marianna Eva Ragnarsdóttir